



Velferðarnefnd Alþings

Reykjavík, 1. mars 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008, um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga (endurgreiðsla vegna gleraugnakaupa barna), 105. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 2. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsögn þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, hér kölluð Miðstöðin, um ofangreint frumvarp.

Miðstöðin fagnar viðleitni í þá veru að veita notendum enn betri þjónustu og á það ekki síst við um börn. Einnig vill Miðstöðin lýsa ánægju sinni yfir að sett verði ákvæði í reglugerðina um uppfærslu eða endurskoðun fjárhæðarinnar vegna verðlagsbreytinga þannig að stuðningur hins opinbera við gleraugnakaup barna rýrni ekki í samræmi við verðbólguþróun.

Eins og bent hefur verið á m.a. í fyrri umsögn sem dagsett er 28. apríl 2017 um sama mál er það ekki skilgreint hlutverk Miðstöðvarinnar að endurgreiða kostnað vegna gleraugnakaupa. Í 1. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 160/2008 er lagt til að nýr málsliður bætist við sem skilgreinir það sem hlutverk stofnunarinnar. Miðstöðin hefur sinnt þessu hlutverki og gerir ekki athugasemd við að sinna því hlutverki áfram. Hins vegar teljum við að heppilegra væri að fjárframlag ríkisins til þessara mála væri betur komið undir sér fjárlagalið en ekki sem hluti af rekstri stofnunarinnar eins og fyrirkomulagið er í dag. Með því yrði skýr afmörkun á þjónustu Miðstöðvarinnar við blinda og sjónskerta og svo hins vegar endurgreiðslur vegna gleraugnakaupa.

Samkvæmt reglugerð nr. 1155 frá 2005 eiga öll börn á aldrinum 0-18 ára rétt á endurgreiðslu vegna gleraugnakaupa og einnig eru undantekningarákvæði sem heimila endurgreiðslur til einstaklinga 18 ára og eldri. Samkvæmt frumvarpinu yrðu reglur um greiðsluþátttöku ríkisins rýmkaðar töluvert, sem felur bæði í sér að börn frá 4 ára til 18 ára geta sótt oftast um styrk, samanborið við núverandi fyrirkomulag, og einnig að styrkuppþæð fyrir öll börn 0-18 ára hækki. Miðað við fjölda umsókna árin 2014 og 2015 hefðu 3600 börn á aldrinum 4-18 ára átt rétt á því að sækja aftur um endurgreiðslu samkvæmt frumvarpinu, umfram þann fjölda sem sótti um styrk 2015.

Hvað varðar útreikning á styrkuppþæðum samkvæmt frumvarpinu, þá er lagt til að greiðsluþátttaka ríkisins verði 75% af tilboðsverði á sjónglerjum og gleraugnaumgjörðum. Tilboðsverð skal fengið með því að fá tilboð hjá gleraugnasölum og skal miðast við lægsta tilboðsverð. Ef þessi leið yrði farin myndi styrkuppþæð fyrir sjónglerin mjög líklega hækka og þar sem greiddur yrði einnig 75% styrkur fyrir kaupum á gleraugnaumgjörðum, sem ekki hefur verið gert áður, myndi sú upphæð alltaf vera til hækkunar á heildarstyrk. Einnig skal bent á að ef sú leið yrði farin sem frumvarpið leggur til yrði að bæta við stöðugildi til að afgreiða umsóknir og fá tilboð árlega frá gleraugnasölum.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475 | midstod@midstod.is | midstod.is



Meðalfjöldi endurgreiðslna frá 2005-2015 er um 4000 á ári. Miðað við tillögur sem fram koma í frumvarpinu, er hægt að áætla að við bætist 3600 umsóknir um endurgreiðslur á ári, eða samtals áætlaðar 7600 umsóknir á ári. Samkvæmt frumvarpinu á upphæð á styrk að miðast við tilboðsverð sem liggur ekki fyrir. Í þeirri viðleitni að reyna að áætla árlegan kostnað við endurgreiðslur vegna gleraugnakaupa samkvæmt tillögum frumvarpsins, og þeim gögnum sem liggja fyrir í dag um meðalverð á glerjum og umgjörðum sem berast með umsóknum, væri hægt að áætla að gler og umgjærðir kosti kr. 35.000. Við bendum á að val á umgjörðum er alltaf persónulegt og ákvörðun einstaklings um hversu mikið viðkomandi er tilbúinn að greiða fyrir slík kaup. Að framansögðu, og miðað við að meðalverð gleraugna sé kr. 35.000, þá væri hver styrkur um kr. 26.000 (75% af heildarupphæð) og ef miðað er við að fjöldi umsókna væri 7600 á ári, færu útgjöld ríkisins vegna endurgreiðslna úr u.þ.b. 30 milljónum á ári í u.þ.b. 197 milljónir á ári. Þá skal tekið fram að ofan á þann kostnað myndi einnig leggjast kostnaður við auka stöðugildi til að afgreiða umsóknir (líkt og áður hefur komið fram) og fá tilboð árlega frá gleraugnasölum. Að auki er ofangreind áætlun miðuð við fjölda umsókna sl. ára og það mætti jafnvel gera ráð fyrir því að fleiri myndu sækja um ef að greiðslupátttaka ríkisins myndi aukast mikið. Meginhlutverk Miðstöðvarinnar er skv. 1. gr. laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu nr. 160/2008 kemur m.a. fram:

“Starfrækja skal þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og [einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu]. » Markmið hennar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða [með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu] » til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku.”

Til að stofnunin geti sinnt öðrum hlutverkum eins og að úthluta gleraugnastyrkjum er nauðsynlegt að nægilegt fjármagn fylgi þeim verkefnum. Annars kemur það niður á þeirri þjónustu sem þegar er veitt og stríðir þá gegn megintilgangi laganna sem stofnunin starfar eftir.

Loks er rétt að upplýsa í þessu sambandi að nágrannalöndum okkar eru oftast með fasta styrki þegar kemur að endurgreiðslu varðandi gler og umgjörð. Í Noregi er þó full endurgreiðsla í glerjum ef sjónlag uppfyllir vissar kröfur varðandi skerta möguleika til að þroska góða sjón.

Virðingarfyllt,
Margrét María Sigurðardóttir,
forstjóri